




Styrkur mótefna hjá barni fyrsta árið



Barn yngra en þriggja mánaða er með hita ef endaparmsmæling sýnir hita yfir 38°C og þarf skoðun hjá lækni. Ekki er mælt með eyrnasmælingu á þessum aldri.

Einkenni sýkinga hjá nýburum geta verið dulin. Óróleiki, slappleiki, óútskýrður grátur, er fölt og drekkur illa. Hiti er alltaf merki um sýkingu en nýburi getur verið veikur án þess að vera með háan hita.

Ónæmiskerfið

Mótefnin verja líkamann gegn sýkingum. Við fæðingu eftir fulla meðgöngu (40 vikur) er styrkur mótefna góður vegna mótefna sem barn fær frá móður. Ef barn fæðist fyrir tímann er mótefnastyrkurinn minni. Barn sem fæðist eftir 32 vikna meðgöngu hefur aðeins um 50% styrk móttefna.

Þættir sem stuðla að færri sýkingum

Brjóstgjöf.

Góð umönnun eins og næring og hvíld.

Hreinlæti, þvo hendur áður en barnið er snert.

Ekki setja snuð barns upp í sig.

Forðast fjölmenna staði, svo sem verslunarmiðstöðvar.

Bólusetningar hefjast við þriggja mánaða aldur.

